

**Ed.**

## **487. Frumvarp til laga**

um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

Samhljóða þskj. 126 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins. Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið, til að líta eftir framkvæmd laganna.

Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi nema með leyfi ráðherra.

Laun skipaskoðunarstjóra og aðstoðarmanns séu ákveðin af ráðherra, þar til launalög eru sett. Skrifstofukostnaður og annar kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða skal ákveðinn í fjárlögum.

15. gr. hljóðar svo:

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 11. gr. c) í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

37. gr. hljóðar svo:

Nú vanrækir skipstjóri að láta gera skoðun á skipi, er skylt var að gera samkvæmt lögum þessum, og varðar það hann sektum frá 50 kr. allt að 5000 kr. Sömu refsingu sætir skipseigandi eða útgerðarmaður, eigi þeir sök á vanrækslunni.

Önnur brot gegn lögum þessum, eða gegn tilskipunum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 5000 kr., nema þyngri hegning liggja við að lögum.